



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um viðhaldsprósentu húsnæðis og lóða á árunum 2000-2008

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 11. september 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalistaflokks Íslands:

Samkvæmt upplýsingum frá fjármála- og áhættustýringarsviði hefur viðhaldsprósentu húsnæðis og lóða verið 1,5% af stofnkostnaði frá árinu 2008. Þar á meðal eru grunn- og leikskólabyggingar. Hver var viðhaldsprósentan á árunum 2000 - 2008? Gott er að fá þær upplýsingar til að sjá hvernig staðan var áður en ráðist var í niðurskurð á viðhaldi skólabygginga, eftir efnahagshrunið 2008.

Svar:

Samkvæmt upplýsingum frá fjármála- og áhættustýringarsviði var innri leiga ekki innheimt fyrr en árið 2003. Frá þeim tíma hefur viðhaldsprósentu húsnæðis og lóða verið 1,5% af stofnkostnaði.